

Sp.

74. Tillaga til þingsályktunar

[69. mál]

um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum Íslendinga.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ellert B. Schram, Helgi F. Seljan,
Karvel Pálmason, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera tillögur um samhæfðar aðgerðir af hálfu opinberra aðila til þess að draga úr tóbaksreykingum Íslendinga. Nefndin skal sérstaklega taka til umfjöllunar annars vegar tillögugerð um fyrirbyggjandi ráðstafanir, svo sem með hvaða hætti árangursríkast verði hagað upplýsingastarfsemi um skaðsemi tóbaksreykinga, og hins vegar gera tillögur um skipulagt námskeiðahald á vegum hins opinbera eða með þátttöku þess fyrir tóbaksneytendur er vilja hætta eða draga úr tóbaksneyslu sinni. Í þessu sambandi verði sérstök áhersla lögð á baráttu gegn tóbaksneyslu skólafólks.

Í störfum sínum hafi nefndin samráð við þá aðila, er um slík mál sem hér um ræðir hafa fjallað til þessa. Niðurstöður nefndarinnar verði síðan grundvöllur aðgerða hins opinbera til aukinnar baráttu gegn tóbaksreykingum.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu alvarleg heilsufarsleg hættu er samfara tóbaksreykingum. Fyrir því liggja óhrekjandi sannanir sem ekki verða dregnar í efa. Þannig eru tóbaksreykingar mjög oft bein orsök lífshættulegra sjúkdóma í öndunarferum og hjarta og æðakerfi, en einmitt þeir sjúkdómar hafa mjög farið í vöxt hér á landi að undanförunu, í réttu hlutfalli við auknar tóbaksreykingar. Eru tóbaksreykingar því orðnar einhver mesti skaðvaldur fyrir heilsufar þjóðarinnar og má raunar líkja tóbaksreykingum við hættulegar farsóttir, slíkar sem afleiðingar þeirra hafa orðið fyrir heilsufar manna.

Þjóðfélagið og ráðamenn þess verða að draga réttar niðurstöður af þessum staðreyndum. Það má ekki lengur líta á tóbaksneyslu sem óæskilegan ávana, heldur sem stórhættulega sjúkdómaorsök sem ber að berjast gegn. Með nákvæmlega sama hætti og baráttu var á sínum tíma háð fyrir því að útrýma aðstæðum sem ollu hárrí tífni ýmisra sjúkdóma, svo sem berkla, holdsveiki, sullaveiki o. s. frv., ber nú að heyja baráttu gegn þeim aðstæðum sem orsaka öðrum fremur háa tíðni hjarta-, æða- og lungnasjúkdóma þ. e. a. s. tóbaksreykingunum. Samfélaginu ber skylda til þess að hafa forustu um slíka baráttu og að aðstoða þá einstaklinga, sem orðið hafa háðir tóbaksnautn, en skilja nú hættuna henni samfara og vilja hætta reykingum. Þeim mun ríkari er skylda ríkisins í þessu sambandi þegar á það er litið, að einmitt ríkisvaldið hefur um margra ára og áratuga skeið verið stórtækasti dreifingaraðili tóbaks um landið og notfært reykingarnautnina sér til fjárhagslegs ávinnings.

Eins og nú standa sakir hefur nokkuð verið gert til þess að draga úr tóbaksreykingum landsmanna. Bindindishreyfingin í landinu hefur ávallt varað við skaðsemi tóbaksreykinga, Krabbameinsfélag Íslands hefur haft með höndum árangursríka upplýsingastarfsemi og félagið Hjartavernd sömuleiðis. Þá hefur Íslenska bindindisfélagið skipulagt námskeið fyrir reykingamenn sem vilja hætta að reykja, og hafa þau námskeið borið ótrúlega góðan árangur. Ríkisvaldið og Alþingi hafa einnig lagt nokkuð af mörkum. Hinn 7. apríl 1971 voru þannig samþykkt á Alþingi lög, sem banna auglýsingar á tóbaki á opinberum vettvangi, og jafnframt ákveðið að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skyldi verja 2 af þúsundi tekna af brúttósölu tóbaks til þess að auglýsa skaðsemi þess. Það verk hefur haft með höndum svonefnd „Samstarfsnefnd um reykingavarnir“ og hafa auglýsingaherferðir nefndarinnar gegn tóbaksnotkun vakið mikla athygli og borið árangur.

Ljóst er þó, að hér er hvergi nærri nóg gert. Samstarfsnefndinni um reykinga-

varnir er t. d. skorinn mjög þröngur stakkur þar sem starfsemi hennar miðast einvörðungu við að hafa með höndum auglýsingar í sjónvarpi, hljóðvarpi og blöðum um skaðsemi tóbaksreykinga, en hún getur ekki, lögum samkvæmt, leitað annara úrræða sem e. t. v. gætu borið betri árangur samfara auglýsingastarfinu. Fræðsla, upplýsingastarf og áróður — hinar fyrirbyggjandi aðgerðir — gætu því verið mun öflugri en nú á sér stað, og er í því sambandi sérstök áhersla lögð af hálfu flm. á að benda á þá uggvænlegu þróun, sem rannsóknir hafa leitt í ljós, að sífellt yngra fólk, jafnvel börn sem enn hafa ekki náð unglingsaldri, hefur orðið háð tóbaks-nautninni.

Sé margt óunnið í hinu fyrirbyggjandi starfi í baráttunni gegn tóbaksnautn, þá er enn meira verk óunnið hvað varðar þann þátt málsins að auðvelda þeim, sem orðið hafa háðir tóbaksreykingum, að draga úr reykingum eða hætta þeim. Hér má segja að einvörðungu hafi komið til lofsvert framtak Íslenska bindindisfélagsins, eins og áður er sagt. Hefur reynslan af námskeiðum þess þó leitt í ljós hve gífurlegum árangri mætti ná með þessum hætti ef fé og aukið skipulag væri fyrir hendi. Væri nauðsynlegt að slík námskeið færu fram mjög reglulega sem víðast um land, m. a. í tengslum við skólana, og meira en athugandi að gerðir yrðu sérstakir þættir um reykingavarnir til sýningar í sjónvarpi, þannig að mikill fjöldi reykingamanna gæti orðið þátttakandi í námskeiði á vegum sjónvarpsins um að hætta reykingum og notið þess styrks sem slík námskeið gætu veitt.

Flm. telja að hið opinbera eigi að hafa forustu um baráttu gegn tóbaksreykingum með því að samhæfa þá starfsemi og fjármagna hana, en fela framkvæmdina ýmist áhugamannasamtökum eða annast hana sjálf, eftir því sem æskilegast þykir hverju sinni. Þingsályktunartillaga þessi er flutt í því skyni að undirbúningur að slíkri skipulagðri baráttu gegn tóbaksreykingum verði hafinn.